

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Á eftir 8. gr. komi fyrirsögnin:

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir læknisvottorð vegna almannatrygginga og bóta félagslegrar aðstoðar.

Á eftir fyrirsögninni komi ný grein sem verður 8. gr. a. svohljóðandi:

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötlud og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- b. Kr. 300 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
- c. Kr. 600 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna handarmeðiðsla, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna utanfarar til lækninga, vegna vistunar sjúklings erlendis, vegna lýtalækninga, sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
- d. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. sbr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. október 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefur verið ákveðið

1. að biðskylda verði á aðkomu að gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar gagnvart Skólabraut.
2. að biðskylda verði á aðkomu að hesthúsahverfi á Varmárbökkum gagnvart Skeiðholti.
3. að hámarkshraði í Brekkulandi verði 30 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. september 1994.

Böðvar Bragason.